

Tónlistarmiðstöð

Undirbúningur og stofnun

Forsaga

Starfshópur um Tónlistarmiðstöð með fulltrúum fjölbreyttra hagsmunahópa í tónlistarlífinu skipaður í desember 2020, skilar af sér skýrslu í mars 2021. Ólík sjónarmið og áherslur komu fram í vinnu starfshópsins.

Meðlimir starfshóps

- Jakob Frímann Magnússon, *formaður starfshóps*
- Bragi Valdimar Skúlason, *formaður SAMTÓNS, STEFs og FTT*
- Bryndís Jónatansdóttir, *þáverandi yfirverkefnastjóri ÚTÓN*
- Eiður Arnarsson, *framkvæmdastjóri FHF*
- Gunnar Hrafnsson, *fulltrúi BÍL og formaður FÍH*
- María Rut Reynisdóttir, *verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur*
- Valgerður Guðrún Halldórsdóttir, *framkvæmdastjóri Íslenskrar tónverkamiðstöðvar*
- Baldur Þórir Guðmundsson, *sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu (nú hjá MVF)*
- Sólrún Sumarliðadóttir, *áfangastjóri Menntaskóla í tónlist og ritari starfshópsins*


Markmið og hlutverk

1. Rýna umhverfi tónlistargeirans á Íslandi
2. Skoða hvernig stuðnings- og sjóðakerfi tónlistar verði best skipulagt
3. Leggja drög að tónlistarstefnu
4. Skilgreina hlutverk og ramma Tónlistarmiðstöðvar

Aðferðafræði

- 11 vinnufundir, 11. janúar til 1. mars 2021
- 4 fundir í smærri vinnuhópum um afmörkuð verkefni
- Smærri vinnuhópur um endurskipulagningu sjóða
- Viðtöl


Gögn sem lágu til grundvallar vinnu

- Rýni og greining á fyrirliggjandi sjóðakerfi
 - Ályktun stjórna Tónskáldafélags Íslands og Íslenskrar tónverkamiðstöðvar
 - Skilagrein starfshóps um Tónlistarborgina Reykjavík
 - Skýrslan Áhrif COVID-19 á íslenskan tónlistariðnað
 - Andvirði umfjöllunar um íslenska tónlist
 - Önnur gögn er varða efni skýrslunnar
- 

Áherslur starfshóps

- **Langtímahugsun** og **samvinna** höfð að leiðarljósi.
- Markmið, hlutverk og skipulag þurfa að vera skýr og endurspegla **fjölbreytni** tónlistargeirans.
- Tónlistarmiðstöð verði einn af hornsteinum íslensks tónlistariðnaðar
- Mikilvægt að teikna upp **nútímalegt** og **hvetjandi** umhverfi fyrir íslenskt tónlistarlíf.
- Tónlist á að vera fullgild og eftirsóknarverð **atvinnugrein**.
- Samræma þarf og samstilla íslenskt tónlistarlíf, sem **listform**, **atvinnulíf** og **iðnað**.
- Tónlistarmiðstöð sinnir umsjó og vinnur að kynningu þeirra.
- Tónlistarmiðstöð greiðir leið íslensks tónlistarfólks innan lands sem utan.

Áherslur starfshóps frh

- Styðja þarf við uppbyggingu **sprota**, hlúa að ferli **listafólks**, tryggja fjölbreytni og grósku.
 - Hafin verði smíði frumvarps til **Tónlistarlaga** sem skilgreina aðkomu stjórnvalda að Tónlistarmiðstöð, Tónlistarsjóði og tónlistarstefnu.
 - Miðstöðin yrði **miðpunktur tónlistariðnaðarins** og skýr **tengipunktur við stjórnvöld**.
 - Mikilvægt er að Tónlistarmiðstöð hýsi **tölulegar upplýsingar** um tónlist og tónlistarlíf á Íslandi.
 - Aukið samstarf innlendra og erlendra fyrirtækja og **ráðgjöf** um fjáröflun til tónlistarverkefna.
- 

Endurskoðun sjóðakerfisins

- Brýnt að endurskoða til að mæta þörfum tónlistarumhverfisins.
- Ýmsir þættir tónlistarlífsins ekki styrkhæfir.
- Mörk milli ólíkra sjóða eru á köflum óskýr.
- Bæta þarf leiðbeiningar til umsækjenda og gagnsæi við úthlutunarferli.
- Margir lágir styrkir veittir, sem oft duga skammt.
- Skoða þarf úthlutanir til tónlistar miðað við aðrar atvinnugreinar.





Tillögur





Tónlistarmiðstöð

Tónlistarmiðstöð

01

INNTÓN

Uppbygging og stuðningur við tónlistarstarfsemi sem iðnað og atvinnugrein

02

ÚTÓN

Stuðningur við útflutningsverkefni allra tónlistartegunda

03


TÓNVERK

Skráning, umsýsla og miðlun íslenskra tónverka

04

STOÐSVIÐ


Fjármál, markaðs- og kynningarmál, umsjón með tölfræði og hagtölum





Nýr Tónlistarsjóður

Nýr Tónlistarsjóður



Nýr Tónlistarsjóður

01

Þróun og innviðir

Langtímasamningar og stakir verkefnastyrkir

02

Frumsköpun og útgáfa

Upptökustyrkir, nótnaútgáfa, markaðssetning

03

Lifandi flutningur

Tónleikahald og markaðsstyrkir, langtímasamningar

04

Útflutningur

Markaðsstyrkir, Fast-track



Undirbúningsferli



Undirbúningur Tónlistarmiðstöðvar

- Menningar- og viðskiptaráðherra hefur sett af stað undirbúning fyrir stofnun Tónlistarmiðstöðvar
- Verkefnastjóri ráðin til 6 mánaða
- Stefnt að opnun Tónlistarmiðstöðvar á næsta ári
- Innleiðing verkefna frá ÚTÓN og Tónverkamiðstöð unnið í nánú samstarfi við forsvarsfólk miðstöðvanna



Áherslur í undirbúningsferlinu

- Markmið og áherslur úr skýrslu starfshópsins hafðar að leiðarljósi
- Opið samtal
- Samráð við hagaðila
- Lausnamiðuð nálgun

